

FIRMNATILKYNNINGAR.

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1926:

I. Reykjavík.

1. Hjer með tilkynnist til firmaskrárinnar í Reykjavík, að jeg hefi veitt fulltrúa mínum hr. cand. juris Theódór Líndal prókúruumboð fyrir mig. Nafn mitt ritar hann þannig:

p.p. Lárus Fjeldsted.

Th. B. Líndal.

Reykjavík, 6. febrúar 1926.

Lárus Fjeldsted.

2. Hjer með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg gef hjer með herra Ámunda Sigurðssyni, Spítalastíg 8, Reykjavík, prókúruumboð fyrir verslun mína (verslunin Brynja) og hefir hann öll rjettindi samkvæmt firmalögum frá 1903.

Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. Guðm. Jónsson.

Ámundi Sigurðsson.

Reykjavík, 6. mars 1926.

Guðmundur Jónsson.

3. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að frú Málfríður Oddsson er gengin úr firmanu Geir & Th. Thorsteinsson, og eru Geir Thorsteinsson kaupmaður og dánarbú Th. Thorsteinssonar einkaeigendur þess.

Reykjavík, 25. janúar 1926.

Málfríður Oddsson. Geir Thorsteinsson. Kristjana Thorsteinsson.

4. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að herra cand. pharm. Axel Herskind, til heimilis í Vonarstræti 12, hefir frá deginum í dag prókúruumboð fyrir firma mitt, Efnagerð Reykjavíkur.

Reykjavík, 10. febrúar 1926.

Stefán Thorarensen.

Herra cand. pharm. Axel Herskind mun rita firmað þannig:

Efnagerð Reykjavíkur,

pr. pr. Stefán Thorarensen.

A. Herskind.

5. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að jeg undirritaður rek verslun með tóbak og sælgætisvörur í Reykjavík, undir firmanafninu: „Tóbakssalan Laugaveg 12“, og ber jeg einn ábyrgð á firmanu. **154**

Reykjavík, 29. jan. 1926.

Helgi Hafberg,

Bergþórugötu 11 A, Reykjavík.

6. Jeg, Hendrikke Waage, kaupkona í Reykjavík, gef hjermeð herra Kristjáni Guðmundssyni umboð sem prókúrista og hefir hann öll rjettindi fyrir verslun mína, samkvæmt l. nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Hendrikke Waage

Kristján Guðmundsson.

Reykjavík, febr. 1926.

Hendrikke Waage.

7. Halldór R. Gunnarsson, Túngötu 2, kaupm., og Júlíus E. Kolbeins, Aðalstræti 9, báðir til heimilis í Reykjavík, tilkynna til firmaskrárinnar í Reykjavík, að þeir reki verslun í Reykjavík með sameiginlegri ótakmarkaðri ábyrgð, með vefnaðarvörur, tilbúinn fatnað, og alt sem að fatnaði tilheyrir. Prókúruumboð hefir Halldór R. Gunnarsson. Firmað heitir: Manchester, H. R. Gunnarsson & Co.

Tillag til verslunarinnar er kr. 10,000 frá hvorum, samtals kr. 20,000.

Prókúruhafi ritar firmað:

pr. pr. Manchester, H. R. Gunnarsson & Co.

Halldór R. Gunnarsson.

8. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrárinnar, að Guðmundur Guðmundsson bókarí, Þórsgötu 21 A, er genginn í firmað Sturlaugur Jónsson & Co., sem fullábyrgur fjelagi og hefir hann rjett til að rita firmað. Firmað ritar hann þannig:

Sturlaugur Jónsson & Co.

Guðmundur Guðmundsson.

Reykjavík, 29. maí 1926.

Guðmundur Guðmundsson. Sturlaugur Jónsson.

9. Haraldur Andrjesson vjelstjóri, Suðurgötu 10, og Einar Pálsson blikksmiður, Nýlendugötu 4, báðir í Reykjavík, tilkynna, að þeir reki í sameiningu blikksmiðaverkstæði undir firmanafninu „Nýja Blikksmiðjan“. Báðir bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldum firmans. Haraldur Andrjesson

- 154 leggur fram 6000 kr., sem er stofnfje firmans. Hvor um sig getur skuldbundið það með undirskrift sinni.

Firmað rita þeir þannig:

Nýja Blikksmiðjan.

Haraldur Andrjesson.

Nýja Blikksmiðjan.

Einar Pálsson.

Reykjavík, 2. júní 1926.

Haraldur Andrjesson. Einar Pálsson.

10. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að meðundirritaður Ársæll Árnason, bóksali í Reykjavík, er genginn úr firmanu Ólafur Gíslason & Co. Jafnframt tilkynnist, að undirritaður Ólafur Gíslason, kaupmaður í Reykjavík, er nú einn eigandi firmans, og rekur það framvegis á eigin ábyrgð, en að öðru leyti óbreytt.

Reykjavík, 5. mars 1926.

Ólafur Gíslason. Ársæll Árnason.

11. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Sigurður B. Sigurðsson, verslunarfulltrúi, Laufásveg 42, Reykjavík, er genginn í firmað Ásgeir Sigurðsson (verslunin Edinborg) sem fullábyrgur-fjelagi, og hefir hann rjett til að rita firmað. Rekum við framvegis verslunina í fjelagi, en að öðru leyti óbreytt.

Reykjavík, 7. júlí 1926.

Ásgeir Sigurðsson.

Sig. B. Sigurðsson.

Hinn nýi fjelagi ritar firmað þannig:

Ásgeir Sigurðsson.

Sig. B. Sigurðsson.

eða:

Verslunin Edinborg

Sig. B. Sigurðsson.

12. Dagbjartur Sigurðsson, til heimilis Grettisgötu 2, rekur verslun á sama stað undir firmanafninu „Verslunin Örninn“. Hannes Ólafsson hefir prókúru og ritar firmað þannig:

p. p. „Verslunin Örninn“

Hannes Ólafsson.

Firmað rita jeg þannig:

154

„Verslunin Örninn“

Dagbjartur Sigurðsson.

Reykjavík, 8. desember 1926.

Dagbjartur Sigurðsson.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Á aðalfundi í h/f Mjölkuvfjelagið „Mjöll“ 15. apríl 1926 voru þessir kosnir í stjórn fjelagsins:

Jósef Björnsson á Svarfhóli, formaður,

Guðmundur Daníelsson í Svignaskarði og

Þorvaldur T. Jónsson í Hjarðarholti.

Prókúruhafi er Jósef Björnsson.

Prókúruumboð Jóhanns Magnússonar er afturkallað.

2. Málfríður Jónsdóttir tilkynnir að hún reki brauða- og kökugerð á Akranesi undir nafninu „Nýja bakaríið á Akranesi“.

Prókúruhafi er Theódór Magnússon.

3. Firmað Hinrik Jónsson & Co. á Akranesi er hætt að starfa.

III. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Vjer undirrituð stjórn hlutafjelagsins „Andvari“ á Sólbakka við Öndarfjörð afturköllum hjermeð prókúruumboð það, er framkvæmdarstjóri fjelagsins, herra Jón A. Fannberg, hefir haft á hendi.

Reykjavík, 20. janúar 1926.

Sigfús Blöndahl.

Magnús Thorberg.

2. Hjermeð tilkynnist að á aðalfundi Togarafjelags Ísfirðinga h/f. þann 28. janúar s. l. varð sú breyting á stjórn fjelagsins, að úr stjórninni gekk Magnús Thorberg útgerðarmaður, en í hans stað var kosinn Helgi Guðmundsson fv. bankaútbússtjóri, en varamaður var kosinn Ólafur Káráson kaupmaður.

Stjórn Togarafjelags Ísfirðinga h/f.

Karl Olgeirsson. Jón S. Edwald.

Helgi Guðmundsson.

- 154 3. Undirritaðir tilkynna, að þeir reki sem fullábyrgir fjelagar síldarolíu og fódurmjölsmiðju ásamt ýmsum öðrum iðnaði í sambandi við fiskiveiðar á Ísafirði, undir firmanafninu „Víkingsfjlagið“.

Rita allir firmað. Ólafur Guðmundsson hefir prókúru-umboð fyrir firmað, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Undirskriftunum skal hagað þannig:

Halldór Kristinsson og Kristján Guðmundsson rita:

Víkingsfjlagið

H. Kristinsson. Kr. Guðmundsson.

Halldór Kristinsson og Ólafur Guðmundsson rita:

Víkingsfjlagið

H. Kristinsson. Ól. Guðmundsson.

Kristján Guðmundsson og Ólafur Guðmundsson rita:

Víkingsfjlagið

Kr. Guðmundsson.

Ól. Guðmundsson.

Prókúristinn ritar:

p. p. Víkingsfjlagið

Ól. Guðmundsson.

Bolungarvík, 31. jan. 1926.

H. Kristinsson.

Ísafirði, 4. febrúar 1926.

Kr. Guðmundsson.

Ól. Guðmundsson.

4. Hlutfjlagið „Kakali“ á Þingeyri tilkynnir til firmaskrárinnar eftirfarandi: Að það stundi fiskiveiðar. Samþykktir þess eru dagsettar 25. mars 1922 og 6. febrúar 1926, var samþykkt að auka hlutfje fjelagsins úr 90000 krónum upp í 420000 krónur. Stofnendur eru: Carl Proppé, Ólafur Proppé og Jón Proppé kaupmenn í Reykjavík, Anton Proppé kaupmaður á Þingeyri, Páll Stefánsson heildsali í Reykjavík og firmað Bræðurnir Proppé á Þingeyri.

Stjórnendur eru: Formaður Carl Proppé, Reykjavík og meðstjórnendur: Ólafur Proppé og Jón Proppé, Reykjavík. Firmað rita: Formaður og annarhvor meðstjórnandinn, og er undirskriftum hagað þannig:

Carl Proppé og Ólafur Proppé rita firmað þannig:

H.f. „Kakali“

C. Proppé. Ó. Proppé.

Carl Proppé og Jón Proppé þannig:

H.f. „Kakali“

C. Proppé. Jón Proppé

Upphæð hlutafjárins er 420000 krónur, er skiftist í 42 hluti, sem hver er að upphæð 10000 krónur. Hlutafjáröfnun er lokið og hlutafjeð alt greitt. Hlutabréfin hljóða á nöfn. Engin sjerrjettindi fylgja neinum hlutum og engin lausnarskylda hvílir á neinum. Ef eigendaskifti verða að hlutabréfi, hefir hinn nýi eigandi ekki rjett til að mæta á fjelagafundum nje atkvæðisrjett þar, nema hann hafi 8 dögum fyrir fundinn sýnt fjelagsstjórninni skilríki fyrir eigendarjetti sínum. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut, þó má engim einn hluthafi fara með meira en $\frac{1}{5}$ samanlagðra atkvæða í fjelaginu. Fundi skal boða með ábyrgðarbrjefi til hvers bókaðs hluthafa.

Reykjavík, 5. maí 1926.

C. Proppé, Ó. Proppé, Jón Proppé.

IV. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Á aðalfundi Kaupfjelags Vopnfirðinga 6. þessa mánaðar, varð breyting á stjórn fjelagsins.

Skipa nú stjórnina:

Ólafur Methúsalemsson kaupfjelagsstjóri á Vopnafirði.

Gunnar H. Gunnarsson hreppstjóri, bóndi á Ljósstöðum og

Ingólfur Eyjólfsson, bóndi á Skjalþingsstöðum.

Formaður stjórnarinnar er Ólafur Methúsalemsson.

Varastjórnarnefndarmaður er Methúsalem Methúsalemsson, bóndi á Bustarfelli.

Vopnafirði, 28. maí 1926.

p. p. Kaupfjelag Vopnfirðinga.

Ól. Methúsalemsson.

V. Suður-Múlasýsla.

1. Jeg Vilborg Árnadóttir, er rek verslun á Eskifirði, undir nafninu „Verslun Helga Þorlákssonar“, einnig kölluð „verslunin Vísir“ í daglegu tali, gef hjermeð herra Hermanní Hermannssyni umboð sem prókúrista fyrir verslun mína, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt l. nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Verslun Helga Þorlákssonar.

Hermann Hermannsson.

154

VI. *Gullþringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.*

1. Hjermeð afturkallast prókúruumboð það, sem hr. Páll Árnason í Gerðum hefir haft fyrir kaupfjlagið „Báran“ í Garði og er afhent Ólafi Guðlaugssyni, Ásgarði.

Ritar hann fjelagið þannig:

pr. pr. Kaupfjel. „Báran“
Ólafur Guðlaugsson.

Þetta tilkynnist hjermeð.

Gerðum, 14. jan. 1926.

Einar Magnússon (formaður).

Ísak Bjarnason. Jón Ásmundsson. Jón Eiríksson.

2. Jeg Aug. Flygenring, kaupmaður í Hafnarfirði, gef hjermeð syni mínum, Ingólfi Flygenring, umboð sem prókúrista fyrir mig, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum.

Prókúruhafi ritar nafn sitt þannig:

p. p. Aug. Flygenring.
Ingólfur Flygenring.

Hafnarfirði, 16. janúar 1926.

Aug. Flygenring.

3. Sameignarhlutafjelagið Akurgerði í Hafnarfirði tilkynnir til firmaskrárinnar í Hafnarfirði, að þeir kaupmaður Carl Proppé í Reykjavík, konsúll Ólafur Proppé í Reykjavík, kaupmaður Jón Proppé í Reykjavík og kaupmaður Anton Proppé á Þingeyri, sjeu gengnir úr firmanu, sem ábyrgir með-eigendur.

Einkaeigendur firmans eru því nú þeir Þórarinn Egilson, kaupmaður í Hafnarfirði, Ásgrímur Sigfússon, kaupmaður í Hafnarfirði, og Gunnar Egilson, erindreki í Barcelona.

Í stjórn S/f Akurgerði.

Hafnarfirði, 22. sept. 1926.

Ó. Proppé. Ásgr. Sigfússon. Þórarinn Egilson.